


Landlínur ehf
Ása S. Harðardóttir,
landfræðingur MS
Borgarbraut 61
310 Borgarnes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. júlí 2009
Tilvísun: UST20090400120/ksj

Hvalfjarðarsveit Aðalskipulag 2008 - 2020. Tillaga til kynningar

Vísað er til erindis Landlína er barst 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008 -2020. Erindinu fylgja greinargerð og uppdrættir.

Aðalskipulagstillagan er afar greinargóð og gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir á þessu stigi málsins, en vill koma með eftirfarandi ábendingar.

Hverfisvernd og upprunalegir birkiskógar

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnumörkun aðalskipulagsins að náttúrulegir birkiskógar og –kjarr séu sett undir hverfisvernd. Umhverfisstofnun bendir á stefnumörkun stjórnvalda þessu til stuðnings en í ritinu *Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020* er eitt af markmiðum í vernd lífríkis Íslands að: „*Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.*“ Einnig kemur stefnumörkun stjórnvalda fram í skýrslu er Umhverfisráðuneytið gaf út í mars 2007 er nefnist *Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga* Umhverfisstofnun telur að varðandi frístundabyggð í og við Hafnarskóg þurfi sérstaklega að varast að ryðja upprunalegan birkiskóg þegar farið er í framkvæmdir.

Þynningarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að það gæfi skýrari mynd ef þynningarsvæði verksmiðja á Grundartanga væri markað með daufri skraferingu. Einnig bendir stofnunin á að þar sem fram kemur í greinargerð að gera megi ráð fyrir að mengunarefni í gróðri innan þynningarsvæðisins fari upp fyrir umhverfismörk þá sé varhugavert fyrir þá sem dvelja í frístundabyggð Galtavíkur (F13) að rækta grænmeti til manneldis.

Efnistaka

Umhverfisstofnun tekur undir stefnumörkun er varðar efnistöku. Eitt af markmiðunum er: „*Ganga skal frá efnistökusvæðum sem fullnýtt eru eða hætt er að nota.*“ Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að fjarlægja námur af lista yfir skilgreind efnistökusvæði þegar gengið hefur frá þeim.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir á síðari vinnslustigum aðalskipulagstillögunnar.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Hjalti Guðmundsson

Sviðsstjóri

Skipulagsstofnun